



Spennandi iPad námskeið fyrir byrjendur

Um er að ræða einstaklingsmiðað nám í rólegu andrúmslofti þar sem nemendum eru kynntir þeir möguleikar sem iPad hefur upp á að bjóða. Byrjað er á að fara yfir allar stillingar sem nauðsynlegt er að vita af og velja hvernig notandinn vill hafa, svo sem læsingar, stillingar til að sækja eða kaupa smáforrit á netinu, tenging við tölvupóst o.fl. Seinni hluti námskeiðsins fer í að skoða þau fjölmörgu smáforrit sem eru í boði, innlend sem erlend auk þess sem kennt verður að tengja iPad við iTunes og setja inn á hann tónlist, hljóðbækur og bækur.

Kennslan fer fram fimmtudagana 23. og 30. október kl. 19:00 - 21:00 og fer kennslan fram í Urðarbrunni á Laugum. Þeir nemendur sem ekki eiga iPad geta fengið hann að láni hjá Þekkingarnetinu á meðan á námskeiðinu stendur.

Kennari: Vilberg Helgason frá Akureyri.


Námskeiðið kostar 13.000,- og minnum við á endurgreiðslu stéttarfélaganna sem getur numið allt að 75% af námskeiðsgjaldi.

Skráning fer fram hjá Þekkingarneti Þingeyinga í síma 464-5100 og lýkur henni föstudaginn 17. október.

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir **kl. 15:00.** 😊



ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálf síðu er. kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk





Kvenfélag Reykðæla

býður öllum íbúum 67 ára og eldri á félagssvæði sínu upp á fótisyrtingu hjá Önnu Geirlaugu í Snyrtipinnanum, Hólavegi 2, dagana 27., 28., 29., 30. og 31. okt. Tímamantanir í síma 464 3200 eftir kl.13.00 á daginn.

Stjórnin

Kvöldguðspjónusta í Þorgeirskirkju



Kvöldguðspjónusta með altarisgöngu verður í Þorgeirskirkju sunnudagskvöldið 19. október kl. 20.00. Félagar úr kirkjukórum syngja undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur. Fermingarbörn taka m.a. virkan þátt í helgihaldinu, fermingarfræðsla í kirkjunni á undan guðspjónustu.

Verið öll velkomin!

FRÁ BJÖRGUNARSVEITINNI ÞINGEY

Fyrsta vinnukvöld vetrarins verður í húsi sveitarinnar miðvikudagskvöldið 22. október klukkan 20:30. Nýir félagar velkomnir og eins og ævinlega er heitt á könnunni.

Stjórnin.

Haustfundur Kvenfélags Ljósvetninga



verður haldinn miðvikudagskvöldið 22. október kl.20:30 í safnaðarheimili Þorgeirskirkju.

Allar konur velkomnar og alltaf

nóg pláss fyrir nýjar félagskonur.

Hittumst kátar og njótum kvöldstundarinnar saman



Heilbrigðisstofnun Pingeyinga



INFLÚENSUBÓLUSETNING !

Á LAUGUM

Bólusetning verður í boði á heilsugæslustöðinni
á Laugum **miðvikudaginn 22/10 kl. 13-15**

Vinsamlegast pantið tíma - sími 4640501

Í BÁRDARDAL

Bólusetning verður í boði í Kiðagili
miðvikudaginn 22/10 kl. 14-15

Vinsamlegast pantið tíma - sími 4640501

Við bólusetninguna er notað þrígilt bóluefni gegn influensu A og B sem hafa verið framleidd fyrir veturinn 2014-2015 samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Þau innihalda eftirtalda stofna:

- A/California/7/2009 (H1N1)-like virus*;
- A/Texas/50/2012 (H3N2)-like virus;
- B/Massachusetts/02/2012.

*svínainflúensuveira frá 2009

Eftirtaldir áhættuhópar ættu að láta bólusetja sig:

Allir einstaklingar 60 ára og eldri.

Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.

Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Þungaðar konur.

Rétt er að áréttu að bólusetning gegn árlegri influensu verndar gegn influensu A (H1N1)v (svínainflúensu).

Að gefnu tilefni er minnt á að einstaklinga má bólusetja jafnvel þó influensufaraldur sé hafinn því einungis tekur um 1-2 vikur að mynda verndandi mótefni eftir bólusetningu.



Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþróttá og æskulýðsstarfs

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2014. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **15. október n.k.**

Styrkir til íþróttá og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá og æskulýðsstarfs á árinu 2014. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **15. október n.k.** Ath. minnum styrkþega 2013 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.



Tónleikar í Kiðagili

Karl Pálsson heldur sína árlegu tónleika í Kiðagili í Bárðardal laugardagskvöldið 18. október og hefjast þeir klukkan 20:00. Kalli mun flytja ný frumsamin lög í bland við eldri lög sem hann hefur samið. Miðaverð 1500 kr og barinn að sjálfsögðu opin.

Allir velkomnir



Nú er komið að söfnun á baggaplasi og eingöngu er tekið á móti hreinuplasti en dagarnir eru eftirfarandi :

1/11

Fnjóskadalur, Ljósavatnsskarð að Goðafossi, Bárðardalur

2/11

Kinn, Reykjadalur, Aðaldalur

3/11

Mývatnssveit Og annað sem stendur útaf þeir sem eru með gáma þeir verða losaðir í þessum hring líka

41.tbl.
16. október
2014
21 árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



VELKOMIN Á 100 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ HÉRAÐSSAMBANDS PINGEYINGA



Afmælishátíðin verður haldin í íþróttahúsinu á Laugum í Reykjadal, sunnudaginn 2. nóvember kl. 14:00 og er öllum opin. Á hátíðinni verður boðið upp á glæsilegt kaffihlaðborð Kvenfélags Reykdæla og margt verður til skemmtunar, s.s. kórsöngur Sálubótar og karlakórsins Hreims, sögusýning, þjóddansa- og glímusýning.

Afmælisnefnd HSP

Söngáhugafólk.

Kirkjukór Einarstaðakirkju óskar eftir fólki í kórinn. Skemmtilegt starf framundan eins og aðventukvöld og jólamessa.

Æfingar eru í kirkjunni á mánudagskvöldum kl: 20.00. Stjórnandi og undirleikari er Jaan Alavere. Næsta æfing er mánudagskvöldið 20. október.

Frekari upplýsingar gefur Rikka í síma 894-7609.

Allir velkomnir.